

Stofnanasamningur Menntaskólans á Akureyri og þeirra starfsmanna skólans sem eru í Kennarasambandi Íslands.

1. Inngangur

Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun launakerfisins og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélaga um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfseminnar, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu (sbr. grein 11.1 í aðalkjarasamningi).

2. Gildissvið

Samningurinn nær til þeirra félagsmanna í Kennarasambandi Íslands sem eru ráðnir hjá Menntaskólanum á Akureyri.

3. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi í skólanum og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu Menntaskólans á Akureyri (MA).
- Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórenda.
- Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að ná fram launajafnrétti kynjanna.
- Að starfsmenn hafi góð laun.
- Að menntun sé metin til launa.
- Að stuðla að því að skólinn hafi góða samkeppnisstöðu á vinnumarkaðnum.
- Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta.
- Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfi og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna.
- Að stefna verði að því að tekið verði upp reglubundið frammistöðumat.
- Samningnum er ætlað að bæta rekstarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.
-

4. Röðun starfa í launaflokka

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslýsingu, ábyrgð, hæfni, menntun og starfsreynslu. Flokkur er lóðrétt færsla í töflu og þrep er lárétt færsla.

Röðun kennara í launaflokka

Vegna kjarasamninga 16.júní 2008, sem veita m.a.4% launahækkun, hækkar grunnröðun um einn launaflokk sem er um 4,5% enda er fyrirsjáanlegt að viðbótarvinna vegna nýrra laga og námskrár aukist um 2-3 fundi á önn á meðan innleiðing laganna stendur yfir þ.e. aukist í 10-12 fundi á skólaári.

Leiðbeinandi með BA eða BS próf byrjar í launaflokki 4

Leiðbeinandi án háskólaprófs byrjar í launaflokki 3

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Kennsluréttindi	1 flokkur
Formlegt eins árs viðbótarnám að	
Loknu BA/BS námi	1 þrep
Meistaragráða	1 flokkur
Doktorsgráða	2 flokkar

Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 2ja ára kennslureynslu	1 flokkur
Eftir 4ra ára kennslureynslu	1 þrep
Eftir 6 ára kennslureynslu	1 flokkur
Eftir 8 ára kennslureynslu	1 þrep
Eftir 10 ára kennslureynslu	1 flokkur
Eftir 15 ára kennslureynslu	1 flokkur og 1 þrep

Álag á laun vega stórra nemendahópa

Greiða skal 20% álag á laun þegar nemendur verða 32-35

Greiða skal 40% álag á laun þegar nemendur verða 36-39

Greiða skal 60% álag á laun þegar nemendur verða 40-44

Greiða skal 80% álag á laun þegar nemendur verða 45-49

Greiða skal 100% álag á laun þegar nemendur verða 50 eða fleiri

Álag skal greitt á kennslu stórra hópa, ekki heildarlaun.

Ef meðalstærð hópa hjá kennara nær 25 nemendum skal greiða hálf klukkustund á viku vegna þess.

Ef meðalstærð hópa er 25 eða hærri og einn einstakur hópur nær álags viðmiðum, er ekki greitt fyrir hvoru tveggja heldur það sem hagstæðara er fyrir kennarann.

Önnur reynsla en kennsla getur verið metin til launaröðunar, að hámarki til 10 ára starfsreynslu.

Kennari með 12 ára starfsreynslu getur sótt um til skólameistara að fá 15 ára reynsluflokkinn fyrr.

Röðun stjórnenda í launaflokka

Aðstoðarskólameistari

Grunnröðun launaflokkur 14

Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 2ja ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 5 ára starfsreynslu 1 flokkur

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Formlegt eins árs viðbótarnám 1 þrep

Meistaragráða 1 flokkur

Doktorsgráða 2 flokkar

Námsráðgjafi

Grunnröðun launaflokkur 8

Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 2ja ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 6 ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 10 ára starfsreynslu 1 flokkur

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Meistaragráða 1 flokkur

Doktorsgráða 2 flokkar

Sviðstjórn

Grunnröðun kennari með allt að 10 ára starfsreynslu launaflokkur 11

Grunnröðun kennari með yfir 10 ára starfsreynslu launaflokkur 12

Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 2ja ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 6 ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 10 ára starfsreynslu 1 flokkur

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka

Formlegt eins árs viðbótarnám að

Loknu BA/BS námi 1 þrep

Meistaragráða 1 flokkur

Doktorsgráða 2 flokkar

Tölvuþjónusta

Grunnröðun launaflokkur 8

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka eru metin í hverju tilfalli.

Áhrif starfsreynslu á röðun í launaflokka

Eftir 2ja ára starfsreynslu 1 flokkur

Eftir 6 ára starfsreynslu 1 flokkur

5. Verkefnastjórn

Eftir að kennari hefur raðast í launaflokk getur hann tekið að sér verkefnastjórn. Í MA getur verið um að ræða sérstök verkefni sem unin eru til skamms tíma sem og atriði sem eru launuð til lengri tíma í senn. Fyrir alla verkefnastjórn er greitt eitt þrep fyrir ábyrgð og yfirvinnutímar eftir umfangi starfs.

Þrep er greitt allt árið en yfirvinnutímar eru greiddir á skólatíma.

Fagstjórar

Fagstjóri er ráðinn úr hópi kennara skólans til tveggja ára í senn frá 1.ágúst að undangenginni auglýsingu innan skólans. Endurráðning er heimil að undangenginni auglýsingu. Skólameistari er næsti yfirmaður fagstjóra. Endurskoðaða skal ráðningasamninginn í lok ráðningatímans. Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp skriflega með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Fagstjóri fær 1 þrep allt árið og 1 klukkustund á viku á starfstíma skólans.

Stofuumsjón

2 klst á mánuði, greitt á skólatíma (sjá fylgiskjal um stofur).

Erlend samskipti

1 þrep og 4-10 klst á mánuði miðað við umfang verkefna yfir skólaárið.

Endurmenntun

1 þrep og 6-12 klst á mánuði eftir umfangi verkefna yfir skólaárið.

Forvarnarfulltrúi

1 þrep og 3-6 klst á mánuði eftir umfangi verkefna yfir skólaárið.

Vefumsjón og kynningarfulltrúi

1 þrep og 6-12 klst á mánuði eftir umfangi verkefna yfir skólaárið.

Sjálfsmat

Formaður sjálfsmatsnefndar 1 þrep.

Formaður og aðrir nefndarme nn fá greidda fundarsetu samkvæmt fundaskipulagi annar. (Greitt samkvæmt taxta nefndarlauna ríkisins).

Félagsmálastjórn

1 þrep og 2-6 klst á mánuði eftir umfangi verkefna yfir skólaárið. Greitt er fyrir viðburði svo sem busaball og ferðalög, samkvæmt skilgreiningu.

Tölvuþjónusta

Allt að 4 klst á mánuði eftir umfangi verkefna yfir skólaárið.

Þróunarvinna

2 klst á mánuði að lágmarki eða eftir umfangi verkefna sem skilgreind verða í umsókn eða greinargerð.

Umsjón með nýjum kennurum

2 klst á mánuði

Áunnin viðbótarlaunaröðun

Kennari sem hefur gegnt stjórnendastarfi eða viðamiklu stjórnunar- eða verkefnastjórastarfi 5 ár eða lengur og hættir, heldur hluta af viðbótarlaunaröðuninni sem starfinu fylgdi.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari heldur tveimur flokkum

Sviðstjóri heldur einum flokki

Verkefnastjóri heldur einu þrepi

6. Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar

Með vísan í grein 11.4 um skipan, hlutverk og starfshætti samstarfsnefnda er kveðið svo á um að hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, það er stéttarfélagi / starfsmönnum og stofnunum.

Kí skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnunin tilnefnir allt að þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara.

Hlutverk samstarfsnefnda er að annast gerða, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samanber grein 11.3. Einnig skal samið um röðun starfa samkvæmt 25.gr.laga nr 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin á einnig að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

Í 11.kafli kjarasamningsins er einnig fjallað um starfshætti samstarfsnefnda vegna gerðar / endurskoðunar stofnanasamnings og ágreiningsmála. Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna má nefna breytingar í miðlgum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinniinn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti. Náist ekki samkomulag í nefndinni vegnar gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðila um sig óskað eftir því að sáttanefnd Fjármála- og efnahagsráðuneytis og Kí fjalli um málið samanber grein 11.5.

7. Meðferð ágreiningsmála

Samstarfsnefnd

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að

erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Sáttanefnd


Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármála og efnahagsráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað samkvæmt gr.11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi tülkanir og álitæfni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.

8. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 30. apríl 2015. Samningurinn skal endurskoðaður af samstarfsnefnd ekki síðar en að loknum næstu aðalkjarasamningum.

Menntaskólanum á Akureyri, 30. apríl 2015



Jón Már Héðinsson
Skólameistari



Guðjón Hreinn Hauksson
Framhaldsskólakennari



Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Aðstoðarskólameistari



Pétur Örn Birgisson
Framhaldsskólakennari



Marsilía Dröfn Sigurðardóttir
Fjármálastjóri



Hafdís Inga Haraldsdóttir
Framhaldsskólakennari